

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2020

2023/EES/13/06

frá 7. febrúar 2020

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2074 frá 23. september 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um sértækt opinbert eftirlit með sendingum af tilteknum dýrum og vörum sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2090 frá 19. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar tilvik þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki hefur verið farið að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð í dýralyf eða sem fóðuraufefni, eða að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi tiltekinnna vara má fara fram á eftirlitsstöðum og sannprófun skjala má fara fram annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um opinbert eftirlit með sendingum af dýrum og vörum í umflutningi, umfermingu og áframhaldandi flutningi gegnum Sambandið og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008, (EB) nr. 1251/2008, (EB) nr. 119/2009, (ESB) nr. 206/2010, (ESB) nr. 605/2010, (ESB) nr. 142/2011, (ESB) nr. 28/2012, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2126 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um sértækt, opinbert eftirlit með tilteknum flokkum dýra og vara, ráðstafanir sem skal grípa til í kjölfar framkvæmdar á slíku eftirliti og tiltekna flokka vara og dýra sem eru undanþegnir opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2127 frá 10. október 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar hvaða dag tiltekin ákvæði tilskipana ráðsins 91/496/EBE, 97/78/EB og 2000/29/EB koma til framkvæmda ⁽⁶⁾.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 316, 6.12.2019, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 64.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 73.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 104.

⁽⁶⁾ Stjtuð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 111.

- 7) Framseld reglugerð (ESB) 2019/2124 fellir úr gildi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2000/208/EB ⁽⁷⁾ og 2000/571/EB ⁽⁸⁾ og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/215/ESB, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum.
- 8) Framseld reglugerð (ESB) 2019/2126 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/641/EB ⁽⁹⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 9) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um plöntuheilbrigði. Löggjöf um plöntuheilbrigði fellur utan við gildissvið EES-samningsins og ákvæði sem varða plöntuheilbrigði gilda því ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- 10) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið ákvæðum sem varða lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 11) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 12) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 11b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625) í hluta 1.1 í I. kafla og lið 31q (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625) í II. kafla:

„– **32019 R 2127:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2127 frá 10. október 2019 (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 111).“
2. Eftirfarandi er liðum bætt við á eftir lið 11bs (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130) í hluta 1.1 í I. kafla:

„11bt. **32019 R 2074:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2074 frá 23. september 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um sértækt opinbert eftirlit með sendingum af tilteknum dýrum og vörum sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning (Stjtið. ESB L 316, 6.12.2019, bls. 6).

11bu. **32019 R 2090:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2090 frá 19. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar tilvik þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki hefur verið farið að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð í dýralyf eða sem fóðuruakefni, eða að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 28).

11bv. **32019 R 2123:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði sannpröfun auðkenna og eftirlit með ástandi tiltekinna vara má fara fram á eftirlitsstöðum og sannpröfun skjala má fara fram annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 64).

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 64, 11.3.2000, bls. 20.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 240, 23.9.2000, bls. 14.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 248, 23.9.1994, bls. 26.

- 11bw. **32019 R 2124:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um opinbert eftirlit með sendingum af dýrum og vörum í umflutningi, umfermingu og áframhaldandi flutningi gegnum Sambandið og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008, (EB) nr. 1251/2008, (EB) nr. 119/2009, (ESB) nr. 206/2010, (ESB) nr. 605/2010, (ESB) nr. 142/2011, (ESB) nr. 28/2012, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 73).
- 11bx. **32019 R 2126:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2126 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um sértækt, opinbert eftirlit með tilteknum flokkum dýra og vara, ráðstafanir sem skal grípa til í kjölfar framkvæmdar á slíku eftirliti og tiltekna flokka vara og dýra sem eru undanþegnin opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 104).“
3. Eftirfarandi undirlið er bætt við 86. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1251/2008) í hluta 4.2 og lið 9c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011) í hluta 7.1 í I. kafla:
- „– **32019 R 2124:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 frá 10. október 2019 (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 73).“
4. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31qs (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130) í II. kafla:
- „31qt. **32019 R 2074:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2074 frá 23. september 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um sértækt opinbert eftirlit með sendingum af tilteknum dýrum og vörum sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning (Stjtið. ESB L 316, 6.12.2019, bls. 6).
- 31qu. **32019 R 2090:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2090 frá 19. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar tilvik þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki hefur verið farið að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð í dýralyf eða sem fóduraukefni, eða að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 28).
- 31qv. **32019 R 2123:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi tiltekinna vara má fara fram á eftirlitsstöðum og sannprófun skjala má fara fram annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 64).
- 31qw. **32019 R 2124:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um opinbert eftirlit með sendingum af dýrum og vörum í umflutningi, umfermingu og áframhaldandi flutningi gegnum Sambandið og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008, (EB) nr. 1251/2008, (EB) nr. 119/2009, (ESB) nr. 206/2010, (ESB) nr. 605/2010, (ESB) nr. 142/2011, (ESB) nr. 28/2012, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 73).
- 31qx. **32019 R 2126:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2126 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um sértækt, opinbert eftirlit með tilteknum flokkum dýra og vara, ráðstafanir sem skal grípa til í kjölfar framkvæmdar á slíku eftirliti og tiltekna flokka vara og dýra sem eru undanþegnin opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 104).“
5. Texti 29. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/641/EB), 88. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/208/EB), 106. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/571/EB) og 148. liðar (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/215/EB) í hluta 1.2 í I. kafla fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 164s (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „164t. **32019 R 2074:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2074 frá 23. september 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um sértækt opinbert eftirlit með sendingum af tilteknum dýrum og vörum sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning (Stjtið. ESB L 316, 6.12.2019, bls. 6).
- 164u. **32019 R 2090:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2090 frá 19. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar tilvik þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki hefur verið farið að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð í dýralyf eða sem fóðuruakefni, eða að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 28).
- 164v. **32019 R 2123:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði sannpröfun auðkenna og eftirlit með ástandi tiltekinna vara má fara fram á eftirlitsstöðum og sannpröfun skjala má fara fram annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 64).
- 164w. **32019 R 2124:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um opinbert eftirlit með sendingum af dýrum og vörum í umflutningi, umfermingu og áframhaldandi flutningi gegnum Sambandið og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008, (EB) nr. 1251/2008, (EB) nr. 119/2009, (ESB) nr. 206/2010, (ESB) nr. 605/2010, (ESB) nr. 142/2011, (ESB) nr. 28/2012, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 73).
- 164x. **32019 R 2126:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2126 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um sértækt, opinbert eftirlit með tilteknum flokkum dýra og vara, ráðstafanir sem skal grípa til í kjölfar framkvæmdar á slíku eftirliti og tiltekna flokka vara og dýra sem eru undanþegnir opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 104).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2019/2074, (ESB) 2019/2090, (ESB) 2019/2123, (ESB) 2019/2124, (ESB) 2019/2126 og (ESB) 2019/2127, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2019 frá 27. september 2019 ⁽¹⁰⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 4, 5.1.2023, bls. 11 og EES-viðbætur nr. 3, 5.1.2023, bls. 15.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.